

Persónuverndaryfirlýsing Alcoa Corporation vegna starfsumsóknna

Gildir frá og með janúar 2024.

Alcoa Corporation, dótturfyrirtæki þess og hlutdeildarfélag („Alcoa“, „fyrirtækið“, „við“, „okkur“ eða „okkar“), skilur að friðhelgi þín er þér mikilvæg. Alcoa, dótturfyrirtæki þess og hlutdeildarfélag kunna að vinna persónuupplýsingar þínar í hlutverki okkar sem ábyrgðaraðilar gagna. Við höfum skuldbundið okkur til að virða friðhelgi þína og vernda persónuupplýsingar þínar, sem eru allar þær upplýsingar sem geta auðkennt þig sem einstakling. Þessi persónuverndartilkynning vegna starfsumsóknna („Persónuverndartilkynning“) lýsir því hvernig við meðhöndlum og verndum persónuupplýsingar þínar í tengslum við ráðningarferli og ráðningarkerfi Alcoa.

Þessi persónuverndartilkynning á aðeins við um persónuupplýsingar umsækjenda um starf, hugsanlegra umsækjenda um starf og þeirra sem taka þátt í ráðningaráætlunum okkar og viðburðum. Þessar persónuupplýsingar eru sendar beint til Alcoa í gegnum umsóknarferlið á netinu og samskipti þeim tilheyrandi og/eða eftir öðrum leiðum (t.d. í gegnum utanaðkomandi fagleg ráðningarfyrirtæki). Alcoa kann einnig að safna og vinna úr persónuupplýsingum þínum ef við tökum þátt í áreiðanleikakönnun í tengslum við hugsanleg kaup á fyrirtækinu sem þú vinnur núna hjá (t.d. ef þú ert í framkvæmdastjórn fyrirtækis). Þessi persónuverndartilkynning á ekki við um starfsmenn, verktaka okkar eða viðskiptavinum eða aðrar persónuupplýsingar sem Alcoa safnar í öðrum tilgangi.

Við munum vinna persónuupplýsingar þínar í samræmi við þessa persónuverndartilkynningu, nema slík vinnsla stangist á við kröfur gildandi laga, en þá gilda gildandi lög.

Með því að senda okkur persónuupplýsingar þínar staðfestir þú að:

- Þú hefur lesið og skilið þessa persónuverndartilkynningu og samþykkir notkun á persónuupplýsingum þínum eins og fram kemur í þessari yfirlýsingu.
- Persónuupplýsingar þínar geta verið fluttar og þær unnar um allan heim, þar á meðal í löndum sem ekki er talið að geti tryggt sömu gagnavernd og heimaland þitt, í þeim tilgangi og á þann hátt sem tilgreindur er í þessa persónuverndartilkynningu.
- Þú þarft ekki að veita okkur umbeðnar upplýsingar, en ef þú gerir það ekki, getur það leitt til þess að þú getir ekki haldið áfram umsóknarferli þínu varðandi stöðuna sem þú hefur sótt um.
- Allar uppgefnar upplýsingar þínar eru sannar og réttar eftir bestu vitund þinni og trú, og þú hefur ekki vísitandi sleppt neinum tengdum upplýsingum sem gætu virst neikvæðar. Ef þú veitir ónákvæmar upplýsingar getur það gert þig óhæfa/óhæfan/óhæft til ráðningar hjá fyrirtækinu.
- Þessi persónuverndartilkynning er ekki hluti af neinu starfstilboði sem Alcoa leggur fyrir umsækjendur um störf.

Hvaða persónuupplýsingum við söfnum

Tegundir persónuupplýsinga sem við biðjum um frá þér og hvernig við vinnum úr þeim ræðst af kröfum landsins þar sem staðan sem þú sækir um er staðsett, en ekki landinu sem þú býrð í, nema staðan uppfylli skilyrði um að henni sé hægt að sinna í fjarvinnu. Hyggist þú sækja um á fleiri en einni starfsstöð eða staðan sem þú sækir um er tiltæk í fleiri en einu landi, munu gerðir persónuupplýsinga sem við biðjum um frá þér og hvernig við vinnum úr þeim, ákvarðast af kröfum allra landanna sem staðan tilheyrir.

Við söfnum yfirleitt persónuupplýsingum beint frá þér þegar þú sækir um starf hjá okkur, svo sem nafnið þitt, heimilisfang, tengiliðaupplýsingar, ljósmyndir og myndbönd, vinnu- og námsferil, viðurkenningar, persónuskilríki og niðurstöður prófa. Við gætum framkvæmt bakgrunnsathugun og, að því marki sem gildandi lög leyfa, gætum við einnig safnað gögnum sem tengjast refsiverðum brotum og málarekstri. Við söfnum einnig svipuðum persónuupplýsingum um þig frá þriðja aðila, svo sem ráðningarfyrtækjum, meðmælendum þínum, fyrri vinnuveitendum, starfsmönnum Alcoa sem þú hefur rætt við eða sem mæltu með þér í stöðuna og, að því marki sem gildandi lög leyfa, þjónustuveitendur bakgrunnsathugana. Við gætum einnig safnað persónuupplýsingum um þig á netinu að því marki sem þú hefur valið að gera upplýsingar aðgengilegar almenningsi. Til dæmis gætum við hafa séð prófílinn þinn á faglegum samfélagsmiðlum (eins og LinkedIn) og haft samband við þig vegna stöðu sem gæti hentað þér.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru hlutmengi persónuupplýsinga sem fela m.a. í sér þjóðerni, heilsu, stéttarfélagsaðild, heimspeki, kynhneigð og aðra flokka eins og mælt er fyrir um í lögum. Við kunnum einnig að safna viðkvæmum persónuupplýsingum um umsækjanda að því marki sem við höfum leyfi til þess samkvæmt gildandi lögum (t.d. lögum um jafnréttismál í Bandaríkjunum) og til að styðja viðleitni okkar til að búa til fjölbreytt vinnuumhverfi fyrir alla. Við kunnum einnig að safna viðkvæmum persónuupplýsingum að því marki sem umsækjandi velur, án þess að vera sérstaklega beðinn um það, að afhenda þær af fúsum og frjálsum vilja meðan á ráðningarferlinu stendur.

Notkun viðkvæmra persónuupplýsinga þinna

Við söfnum og notum persónuupplýsingar þínar af lögmætum mannauðs- og stjórnnunarástæðum, m.a. í þeim tilgangi að:

- bera kennsl á og meta umsækjendur fyrir hugsanlegt starf, sem og fyrir framtíðarhlutverk sem gætu losnað;
- safna gögnum í tengslum við ráðningar;
- tryggja að farið sé að lagaskilyrðum;

- stuðla að þátttöku, fjölbreytileika og jafnrétti;
- framkvæma athugun á sakaferli að því marki sem gildandi lög leyfa og ef við hyggjumst leggja fyrir þig atvinnutilboð;
- vernda lagaleg réttindi okkar að því marki sem lög leyfa; eða
- í neyðartilvikum þar sem heilsu eða öryggi eins eða fleiri einstaklinga gæti verið í hættu.

Við kunnum einnig að nota persónuupplýsingar þínar til greiningar, m.a. í samsafni/undir dulnefni í þeim tilgangi að bæta ráðningarferli fyrirtækisins og auka möguleika okkar til að laða að hæfa umsækjendur.

Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna

Vinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum er í þeim tilgangi sem nefndur er hér að ofan og byggist á:

- að hluta til vegna lögmætra viðskiptahagsmuna okkar af því að meta umsókn þína, til að halda utan um tengslin við þig og að tryggja að við ráðum viðeigandi starfsmenn og til að meta og viðhalda virkni ráðningarferlis okkar almennt;
- að hluta til að við getum gert samningsbundnar og forsamningsbundnar ráðstafanir sem tengjast hugsanlegu ráðningarsambandi okkar við þig;
- að hluta til að við fylgjum gildandi lögum að því er varðar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að fullnægja lagalegum eða eftirlitsskyldum skyldum okkar; og
- að hluta til, að fengnu samþykki þínu, ef við bjóðum þér tækifæri til að taka þátt í valfrjálsum ráðningaráætlunum okkar eða ef við söfnum viðkvæmum persónuupplýsingum fyrir meðtalningar-, fjölbreytileika- og sanngirnissáætlanir okkar, að því marki sem gildandi lög leyfa.

Bakgrunnsathugun

Við gætum framkvæmt bakgrunnsathugun á þér eða falið þriðja aðila að gera það fyrir okkar hönd. Bakgrunnsskimun mun eingöngu fara fram þar sem lög leyfa í því landi þar sem hin lausa staða er staðsett og að því marki sem nauðsynlegt er og í réttu hlutfalli við þá stöðu sem er í boði. Bakgrunnsathugun getur falið í sér skoðun á sakaskrá, starfsferli, menntun, brot á

umferðarlögum og lánshæfismat að því marki sem leyfilegt er í þínu tiltekna lögsagnarumdæmi og krafist er vegna þeirrar stöðu sem þú sækir um. Lagagrundvöllur okkar fyrir bakgrunnsathugun er að við þurfum að gera ráðstafanir sem tengjast samningagerð vegna hinnar hugsanlegu stöðu. Ef bakgrunnskimunar er krafist fyrir stöðuna sem þú sækir um, gæti þriðja aðila þjónustufyrirtæki fyrir bakgrunnskimanir haft samband við þig til að biðja um leyfi fyrir miðlun upplýsinga þinna og á þeim tímapunkti muntu fá frekari upplýsingar um ferli og hvaða persónuupplýsingar það gæti falið í sér.

Viðtakendur gagna og gagnaflutningar milli landa

Ráðningarfyrirtæki og viðtalsaðilar sem staðsettir eru í landinu þar sem starfsstöðin með starfið sem þú sækir um hefur aðsetur, geta fengið aðgang að persónuupplýsingum þínum, sem og ráðningarfyrirtæki og viðtalsaðilar sem starfa í mismunandi löndum innan Alcoa á alþjóðlegum grundvelli. Einstaklingar sem sinna stjórnunarstarfi og upplýsingatæknimenn innan Alcoa geta einnig haft takmarkaðan aðgang að persónuupplýsingum þínum að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna starfi sínu. Í sumum löndum gætir þú notið minni réttinda samkvæmt staðbundnum lögum en þú hefur í búsetulandi þínu, en við höfum sett upp lagakerfi sem ætlað er að tryggja fullnægjandi gagnavernd fyrir persónuupplýsingar þínar þegar þær eru unnar af dóttur- og hlutdeildarfélögum Alcoa, svo og þjónustuaðilum fyrirtækisins, þ.m.t. varðandi flutning persónuupplýsinga þinna til annarra landa en þess sem þú býrð í.

Við notum þriðja aðila þjónustuveitendur til að útvega hugbúnað fyrir ráðningarmál. Við deilum einnig persónuupplýsingum þínum með öðrum þjónustuaðilum þriðju aðila sem gætu aðstoðað okkur við að bera kennsl á og ráða hæfileikafólk, stjórna og meta skimun og prófanir fyrir ráðningu, og bæta ráðningaraðferðir okkar.

Við höldum uppi ferlum sem eru hannaðir til að tryggja að öll vinnsla persónuupplýsinga hjá þjónustuveitendum þriðja aðila sé í samræmi við þessa persónuverndartilkynningu og hún verndi trúnað, aðgengi og heilleika persónuupplýsinga þinna í samræmi við gildandi lög. Þar sem lög krefjast innleiðum við fleiri lagalegar ráðstafanir sem ætlaðar eru til að tryggja fullnægjandi gagnavernd persónuupplýsinga þinna. Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um þessar ráðstafanir, sem geta m.a. falið í sér stöðluð samningsákvæði Evrópusambandsins, vinsamlegast hafðu samband við okkur á tölvupóstfangið sem er að finna í lok þessarar persónuverndartilkynningar.

Að auki kunnum við að birta eða flytja persónuupplýsingar þínar ef um endurskipulagningu, samruna, sölu, sameiginlegan rekstur, framsal eða annan flutning eða ráðstöfun á allri eða hluta af starfsemi okkar er að ræða.

Sjálfvirk flokkun umsækjenda

Í ákveðnum lögsagnarumdæmum gætum við notað gagnagreiningar og reiknirit til að hjálpa okkur að fara yfir þann fjölda umsækjenda og umsóknargagna sem við fáum. Þessi reiknirit hjálpa okkur að forgangsraða umsóknarferlinu og flokka umsækjendur á grundvelli eiginleika sem benda til styrkleika og getu sem nauðsynlegir eru til að sinna viðkomandi stöðu. Reikniritin eru hönnuð til að greina umsóknargögn umsækjenda.

Sjálfvirkar niðurstöður eru alltaf metnar samhliða mannlegri dómgreind, en ekki í stað hennar. Við metum hvern og einn umsækjanda út frá eigin verðleikum. Tilteknar stöður kunna að krefjast sérstakra forsendna eða færni (til dæmis færni í ákveðnu tungumáli, sérstakra starfsréttinda eða vottorða eða fjölda ára í svipaðri stöðu).

Varðveisla á persónuupplýsingum

Ef þú tekur ráðningartilboði frá okkur verða allar viðeigandi persónuupplýsingar sem safnað er í ráðningarferlinu hluti af starfsmannaskrá þínum og þeim haldið í samræmi við sérstakar landsbundnar kröfur og með persónuverndartilkynningu sem gildir um starfsmenn Alcoa, sem verða veittar á meðan á nýliðamóttöku stendur þar sem lög kveða á um.

Ef við ráðum þig ekki, gætum við engu að síður haldið áfram að varðveita og nota persónuupplýsingar þínar í ákveðinn tíma (sem getur verið mismunandi eftir löndum) í kerfisstjórnunarskyni, til að huga að þér fyrir hugsanleg framtíðarhlutverk og í rannsóknarskyni. Eftir það geymum við lágmarks magn af persónulegum gögnum þínum til að halda skrá yfir ráðningarferlið.

Við gætum viljað vera í sambandi við þig og athuga með þig fyrir atvinnutækifæri í framtíðinni. Í slíkum tilfellum munum við leita samþykkis þíns til að hafa þig með í einhverri af ráðningaráætlunum okkar sem veitir þér leiðir til að fræðast frekar um og vera í sambandi við Alcoa, annað hvort áður en þú sækir formlega um starf eða eftir að þú sækir um það. Þátttaka í þessum ráðningaráætlunum er algjörlega valfrjáls.

Ef þú tekur þátt í ráðningaráætlun, geymum við persónuupplýsingar þínar í ákveðinn tíma á meðan sú áætlun stendur yfir, en ef þú vilt hætta, á hvaða tímapunkti sem er, vinsamlegast hafðu samband við okkur á AlcoaDPO@alcoa.com.

Öryggi

Við notum almennt viðurkennda staðla um tæknilegt og rekstrarlegt öryggi til að vernda persónuupplýsingar. Aðeins heimiluðu starfsfólki Alcoa og þriðju aðila þjónustuveitenda okkar er leyft að fá aðgang að persónuupplýsingum og þessum starfsmönnum og þriðja aðila er skylt að fara með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þrátt fyrir þessar varúðarráðstafanir getum við ekki ábyrgst að óviðkomandi öðlist ekki aðgang að persónuupplýsingum þínum.

Réttindi þín

Við gerum viðeigandi varúðarráðstafanir sem eru hannaðar til að halda persónuupplýsingum þínum réttum, heilum og uppfærðum í þeim tilgangi sem þeim er safnað og þær notaðar fyrir. Við höfum einnig innleitt ráðstafanir sem eru ætlaðar til að tryggja að vinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum samræmist þessari persónuverndartilkynningu og gildandi lögum.

Í samræmi við gildandi lög í þínu landi geta eitt eða fleiri af eftirfarandi réttindum átt við þig:

- réttur til þess að biðja um afrit af persónuupplýsingum sem við geymum um þig og upplýsingar um hvernig við notum þær upplýsingar;
- réttur til að leiðrétta persónuupplýsingar þínar ef einhverjar upplýsingar sem geymdar eru um þig eru rangar eða úreltar;
- réttur til þess að flytja persónuupplýsingar þínar;
- réttur til að biðja um eyðingu á persónuupplýsingum þínum;
- réttur að krefjast þess að við hættum vinnslu persónuupplýsinga þinna eða að við takmörkum vinnslu þeirra;
- réttur til að afturkalla samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna, að því marki sem vinnsla okkar byggist á samþykki þínu sem lögmætum grundvelli vinnslu. Þessi réttur getur ekki átt við þegar önnur lagaleg rök eru fyrir áframhaldandi vinnslu eða við þurfum að varðveita tilteknar persónuupplýsingar þar sem þess er krafist eða leyft samkvæmt gildandi lögum; og/eða
- réttur til að veita okkur leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga þinna ef þú fellur frá.

Jafnframt, og þar sem gildandi lög veita það, getur þú átt rétt á að leggja fram kvörtun til þar til bærra persónuverndaryfirvalda.

Ef þú vilt leggja inn beiðni um að fá aðgang að, fara yfir, leiðrétta, eyða eða flytja þær persónuupplýsingar sem við höfum safnað saman um þig, til að staðfesta rétt þinn hvað persónuupplýsingar þínar varðar, eða ræða hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast smelltu á þennan [hlekk](#). Ef þér tekst ekki að fá aðgang að þessu eyðublaði af einhverjum ástæðum geturðu haft samband við okkur með því að nota upplýsingarnar í lok þessarar persónuverndartilkynningar.

Til að vernda friðhelgi þína og öryggi munum við gera réttmætar ráðstafanir til að staðfesta auðkenni þitt áður en við veitum þér aðgang að persónuupplýsingum þínum. Við munum gera sanngjarnar tilraunir til að skoða beiðnir þínar tafarlaust, verða við þeim eða svara á annan hátt eins og krafist er samkvæmt gildandi lögum. Það fer eftir aðstæðum og innihaldi beiðninnar en ef til vill er okkur ekki heimilt að veita aðgang að persónuupplýsingum þínum eða að öðru leyti getum ekki orðið við beiðni þinni að fullu; til dæmis þar sem uppljóstrun upplýsinga þinna getur leitt í ljós auðkenni annars aðila. Við áskiljum okkur rétt til að innheimta viðeigandi þóknun fyrir að verða við beiðni þinni þar sem það er leyfilegt samkvæmt gildandi lögum og/eða að hafna beiðnum þínum í þeim tilvikum sem þær, að mati fyrirtækisins, geta verið ástæðulausar, óhóflegar eða á annan hátt óviðunandi samkvæmt gildandi lögum.

Samfélagsmiðlar

Umsóknarferlið okkar gerir þér kleift að veita okkur viðeigandi persónugögn úr upplýsingum sem þú ert með á vefsíðum þriðja aðila (eins og LinkedIn, Google Drive og Dropbox). Ef þú velur að láta fylgja með umsókn þinni persónuupplýsingar þínar frá vefsíðum þriðja aðila verða þær notaðar í samræmi við þessa persónuverndartilkynningu.

Vafrakökur og önnur rakningartækni

Við gætum notað vafrakökur fyrsta aðila og þriðja aðila og aðra svipaða tækni (sameiginlega „Vefkökur og önnur rakningartækni“) til að bera kennsl á þig og áhugamál þín, muna kjörstillingar þínar og fylgjast með notkun þinni á vefsíðum okkar. Við notum einnig vafrakökur og aðra rakningartækni til að stjórna aðgangi að ákveðnu efni á vefsíðum okkar, til að vernda vefsíðurnar og til að vinna úr öllum beiðnum sem þú leggur inn til okkar.

Sumir hlutar af ráðningarstarfsemi okkar á netinu eru hýstir af þriðja aðila. Þegar þú opnar síður sem þessir þriðju aðilar reka gætu þeir, í samræmi við vafrakökustefnu okkar, sett sínar eigin vafrakökur eða aðra rakningartækni á tækið þitt. Þú getur fræðst meira um notkun okkar á vafrakökum og annarri rakningartækni með því að lesa [persónuverndaryfirlýsingu okkar](#) og [vafrakökustefnu](#).

Tungumál

Þessi persónuverndartilkynning vegna starfsumsóknna er fáanleg á eftirfarandi tungumálum:

- Kínverska
- Enska
- Franska
- Íslenska
- Norska
- Portúgalska
- Spænska
- Ungverska

TENGILIÐUR

Ef þú hefur einhverjar spurningar um þessa persónuverndartilkynningu eða ef þú vilt hafa samband við persónuverndarstofu Alcoa, vinsamlegast hafðu samband við okkur á:

Alcoa Corporation
Privacy Program Office
201 Isabella Street, Suite 500
Pittsburgh, PA 15.212
U.S.A.
AlcoaDPO@alcoa.com

Alcoa áskilur sér rétt til að breyta þessari persónuverndartilkynningu. Við munum birta allar breytingar á persónuverndartilkynningunni okkar á þessari síðu. Vinsamlegast athugaðu þessa síðu reglulega til að fylgjast með.